

Ár 2007, fimmtudaginn 16. ágúst, er á dómpingi Áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands í málínu nr. 1/2007:

Handknattleiksdeild ÍR
gegn
Handknattleikssambandi Íslands

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma Þorgeir Ingi Njálsson, Gunnar Jónsson og Helgi I. Jónsson.

Áfrýjandi, handknattleiksdeild ÍR, skaut máli þessu til dómsins með áfrýjun 4. f.m. Áfrýjað er dómi dómstóls Handknattleikssambands Íslands 2. júlí 2007, þar sem hafnað var kröfu áfrýjanda þess efnis að B-liðum yrði ekki heimiluð þátttaka á Íslandsmóti í handknattleik í meistaraflokk karla, A-liða, keppnistímabilið 2007/2008.

Hér fyrir dómi gerir áfrýjandi þá kröfu að dómi dómstóls Handknattleikssambands Íslands verði hnekkt og framangreind krafa hans tekin til greina.

Í greinargerð, sem stefndi hefur lagt fyrir dóminn, er þess aðallega krafist að málínu verði vísað frá dómi, en til vara að kröfum áfrýjanda verði hafnað.

Málið var munlega flutt og dómtkið 13. þ.m.

I.

Samkvæmt gögnum málsins bárust Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ) tilkynningar frá 16 félögum um þátttöku 23 liða á Íslandsmóti í meistaraflokk karla keppnistímabilið 2007/2008. Tilkynningar um þátttöku tveggja liða frá sama félagi bárust frá 5 félögum, þar á meðal áfrýjanda, og eitt félag hyggst senda þrjú lið til keppni. Var aðildarfélögum sambandsins tilkynnt um þetta með bréfi 1. júní 2007. Þar var jafnframt greint frá því að leikið yrði í þremur deildum, úrvaldsdeild með 8 liðum, 1. deild með 8 liðum og 2. deild með 7 liðum. Byggði sambandið þessa skipan á grein 4.2.1.1 í reglugerð HSÍ um Íslandsmót. Áfrýjandi heldur því fram að þessi skipan fái ekki staðist. Telur hann að regluverk HSÍ heimili ekki að félag sendi fleiri en eitt lið til þátttöku á sama Íslandsmóti. Í þeim eftirfarandi eru hvort rætt sé um A- og B-lið eða lið nr. 1 og

2 frá sama félagi. Hefur áfrýjandi hagað kröfugerð sinni með framangreindum hætti í ljósi þess að í raun sé gert ráð fyrir því í fyrilliggjandi deildaskiptingu að A- og B-lið frá sama félaginu taki þátt í sömu keppni, það er Íslandsmóti í meistaraflokki karla. Verði fallist á kröfur áfrýjanda hefði það í för með sér að liðum á Íslandsmóti í meistaraflokki karla myndi fækka um 7 og að mótið yrði spilað í tveimur deildum í stað þriggja, úrvalsdeild með 8 liðum og 1. deild með 8 liðum. Um málsatvik að öðru leyti vísast til hins áfrýjaða dóms.

II.

Í áfrýjun sinni vísar áfrýjandi til þess að samkvæmt grein 4.1.2 í reglugerð HSÍ um Íslandsmót skuli keppni meðal annars fara fram í meistaraflokki karla A- og B-liðum. Sé augljóslega gert ráð fyrir því að hér sé um tvö móti að ræða, það er annað fyrir A-lið og hitt fyrir B-lið. Af öðrum ákvæðum í lögum og reglum HSÍ sé síðan ljóst að ekki gildi sömu reglur um þessi tvö móti. Þau geti því ekki keppt í sama Íslandsmóti og skipti þá engu máli hvaða nafn liðunum sé gefið. Ljóst sé þannig af ákvæðum í regluverki HSÍ að forsendur fyrir þátttöku A- og B-liða á Íslandsmóti séu ekki þær sömu og því geti A- og B-lið ekki keppt í sama Íslandsmóti. Stjórn HSÍ hafi áttað sig á þessu og hagað fyrirkomulagi Íslandsmóts eftir því. Hins vegar hafi sambandið fallist á að félög geti sent lið 1 og 2 til þátttöku á sama Íslandsmóti. Ekki verði séð að þetta fái staðist. Enginn eðlismunur sé á því hvort lið heiti A og B eða 1 og 2. Heitið á liðunum skipti í raun engu máli heldur sé aðalatriðið það að eingöngu eitt lið frá hverju félagi taki þátt í hverju Íslandsmóti. Regluverk HSÍ heimili ekki annað fyrirkomulag. Þar sé reyndar gengið út frá því að hvert félag geti eingöngu sent eitt lið til keppni á hverju Íslandsmóti. Sé það ætlun HSÍ að taka upp annað fyrirkomulag þurfi að gera talsverðar breytingar á regluverki sambandsins.

Í greinargerð stefnda er vísað til þess að sú framkvæmd á Íslandsmóti í meistaraflokki karla, sem HSÍ hafi kynnt aðildarfélögum sínum 1. júní sl. og dómkrafa áfrýjanda lýtur að, hafi verið tekin upp á síðasta keppnistímabili. Engar athugasemdir hafi þá verið gerðar, enda sé það fyrirkomulag sem hér um ræðir í samræmi við óskir félaganna sem fram hafi komið á ársþingi HSÍ. Sambandið starfi í umboði félaganna og sæki vald sitt til ársþingsins sem setji því reglur til að starfa eftir. Hið umþrætta fyrirkomulag hafi því ekki átt að koma neinum á óvart, enda ekki um breytingu að ræða. Meira að segja hafi áfrýjandi sjálfur tilkynnt þátttöku tveggja liða á Íslandsmóti karla. Krafa áfrýjanda eigi með vísan til framangreinds ekki undir dómstóla HSÍ, enda sé verið

að krefjast endurskoðunar á fyrirkomulagi Íslandsmóts sem aðildarfélög sambandsins hafi komið sér saman um ársþingi. Því sé ekki um að ræða atvik eða atriði sem heyri undir dómstóla HSÍ heldur sambandið sjálft.

Stefndi mótmælir því sérstaklega að það að eitt og sama félag geti sent tvö eða fleiri lið til þátttöku í sömu keppni sé brot á regluverki HSÍ. Hvergi sé lagt bann við þessu í lögum og reglugerðum HSÍ. Mönum kunni að finnast þetta fyrirkomulag óeðlilegt, en það sé hlutverk ársþings að taka ákvörðun um breytingar en ekki dómstóla.

Ekki þykir ástæða til að rekja málsástæður aðila frekar.

III.

Svo sem fram er komið tilkynnti áfrýjandi tvö lið til þátttöku í meistaraflokk karla á komandi Íslandsmóti. Samkvæmt fyrilliggjandi deildaskiptingu á lið áfrýjanda númer 2 að leika í 2. deild, en aðallið félagsins í 1. deild. Verði dómkrafa áfrýjanda í málinu tekin til greina myndi sú niðurstaða hafa það eitt í för með sér að því er hann varðar að þátttökuréttur liðs númer 2 myndi falla niður. Eina keppnislið áfrýjanda í meistaraflokk karla myndi þá eiga sæti í 1. deild ásamt 7 öðrum liðum.

Áfrýjandi hefur hagað málatlbúnaði sínum á þann veg að þar er í engu gerð grein fyrir þeim réttarhagsmunum sem hann kann að hafa af því að dómur gangi í samræmi við dómkröfur hans. Við munnlegan flutning málsins var þó vísað til þess hvað þetta varðar að áfrýjandi hefði hagsmuni af því að við framkvæmd Íslandsmóts væri fylgt lögum og reglugerðum Handknattleikssambands Íslands.

Mælt er fyrir um meðferð mála fyrir dómstólum HSÍ í sérstakri reglugerð sem sambandsþing hefur sampykkt. Um málsmeðferðina gilda að auki ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eftir því sem við á. Það er ein af meginreglum þeirra laga að dómstólar leysi því aðeins úr sakarefní að það sé þannig vaxið að úrlausn um það hafi raunhæft gildi fyrir réttarstöðu málsaðila. Hefur þessi meginregla verið orðuð þannig að sá sem leitar dóms þurfi að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar. Þá verða dómstólar samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laganna ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Þessar reglur taka til mála sem rekin eru fyrir dómstólum HSÍ. Það er álit dómsins að málsókn áfrýjanda fari í bága við þær og fær tilvísun hans við munnlegan málflutning til hagsmuna hans af efnislegri úrlausn þar engu breytt. Af þessu leiðir að ekki eru uppfyllt skilyrði til þess að dómstólar HSÍ taka dómkröfu áfrýjanda til efnislegar meðferðar. Er það því niðurstaða dómsins að málinu er vísað frá dómstóli HSÍ.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Dómstóli Handknattleikssambands Íslands.


Borgeir Ingi Njálsson

Gunnar Jónsson

Helgi I. Jónsson

Rétt endurrit staðfestir

f.h. Áfrýjunardómstóls HSÍ


Borgeir Ingi Njálsson